

Hugvísindaping í Háskóla Íslands

9.–10. mars 2007

*Þvers og kruss*

Dagskrá og útdrættir erinda



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindastofnun  
Guðfræðideild  
ReykjavíkurAkademían

## Dagskrá 9. mars

Stofa	Kl.	Málstofa	Bls.
207	13.00–14.00	Úr ólíkum áttum	8
218	13.00–14.30	Um forna texta	9
225	13.00–14.30	Trú og heimur	10
231	13.00–14.30	Slóðir tungunnar	11

### 14.30–15.00: Kaffihlé

Stofa	Kl.	Málstofa	Bls.
207	15.00–16.30	Trú, menning og samfélag	13
218	15.00–16.00	Gunnar Gunnarsson	14
231	15.00–16.30	Straumar og stefnur	15

## Dagskrá 10. mars

Stofa	Kl.	Málstofa	Bls.
207	12.00–13.30	Tvíheimar: um sjálfsvitund og sagnavitund Vestur-Íslendinga	17
218	12.00–13.30	Persónuvernd í upplýsingasamfélagi	18
220	12.00–13.30	Félag íslenskra fræða – Afmælistofa	20
222	12.30–14.00	Annað mál	22
225	13.00–14.00	Blekking	23
231	12.00–14.00	Ísland – Danmörk	25

### 14.00–14.30: Kaffihlé

Stofa	Kl.	Málstofa	Bls.
207	14.30–16.00	Innflytjendur - Málstofa <i>Ritsins</i>	27
218	14.30–16.00	Kvennabaráttá á krossgötum	29
222	14.30–16.30	Bókagerð á Helgafellsklausri á 14. öld	30
225	14.30–16.00	Blekking	23
229	14.30–15.30	Arfur Tómasar postula	32
231	14.30–16.30	Ísland – Danmörk	33

16.30: Þinghaldarar bjóða upp á léttar veitingar

Undirbúningsnefnd: Áslaug Marinósdóttir, Guðrún Kvaran, Laufey Jónsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Pétur Pétursson og Viðar Hreinsson.

Prentun: Gutenberg

# Málstofur

## 9. mars

### 13.00–14.00 Úr ólíkum áttum – STOFA 207

Jón Viðar Jónsson: „*Það er draugur í veiðihúsinu.*“ *Er leikritið Straumrof víxlspor eða lykilverk á ferli Halldórs Kiljans Laxness?*

Bergljót S. Kristjánsdóttir: „*Viltu að ek höggvi þig langsum eða þversum?*“ *Um Stebba stælgæ, fortíð og nútíð, samfélag, myndir og sögur af ýmsu tagi*

Fundarstjóri: Jón Karl Helgason

### 13.00–14.30 Um forna texta – STOFA 218

Aðalheiður Guðmundsdóttir: *Rót og kvistir: um fornaldarsagnaefni í íslenskum heimildum*

Gottskálf Þór Jenson: *Nauðsyn nýrrar útgáfu á brotunum úr Vita sancti Thorlaci*

Auður Ingvarsdóttir: *Gunnar og Njáll, „hvartveggi er blauður“.*  
*Karlmennska og tilvistarkreppa á miðöldum*

Fundarstjóri: Svanhildur Óskarsdóttir

### 13.00–14.30 Trú og heimur – STOFA 225

Bjarni Randver Sigurvinsson: *Heimsslitakenningar meðal kristinna trúarhópa á Íslandi*

Róbert H. Haraldsson: *Tvær tilgátur um trú*

Orrí Vésteinsson: *Á endimörkunum. Íslandssagan í ljósi heimskerfisfræða*

Fundarstjóri: Sólveig Anna Bóasdóttir

### 13.00–14.30 Slóðir tungunnar – STOFA 231

Margrét Jónsdóttir: *Hvers kyns?*

Katrín Axelsdóttir: *Lýsingarorðið sem fór sínar eigin leiðir*

Jón Axel Harðarson: *Er kenningin um skiptingu frumgermönsku í norðvesturgermönsku og austurgermönsku verjandi?*

Fundarstjóri: Guðrún Kvaran

**15.00-16.30 Trú, menning og samfélag – STOFA 207**

Pétur Pétursson: *Dultrú og þjóðernishyggja í verkum Einars Jónssonar*  
Hjalti Hugason: *Trúarstef og pólitík í kveðskap Snorra Hjartarsonar*  
Gunnlaugur A. Jónsson: *Paradísarmissir í nokkrum helfararkvikmyndum*  
Fundarstjóri: Ásdís Emilsdóttir Petersen

**15.00–16.00 Gunnar Gunnarsson – STOFA 218**

Jón Yngvi Jóhannsson: *Hernumdir Danir á íslenskri heiði. Um samband Gunnars Gunnarssonar við dönsku þjóðina á stríðstímum*  
Jón Karl Helgason: *Tólf persónur í leit að höfundi: Vikivaki í bókmenntasögulegu samhengi*  
Fundarstjóri: Guðrún Nordal

**15.00–16.30 Straumar og stefnur – STOFA 231**

Sigurður Pétursson: *Slóð húmanista á Íslandi*  
Ásdís G. Sigmundsdóttir: *Englese Italianato, e un diavolo incarnato. – Menningartengsl Ítalíu og Englands á 16. öld*  
Torfi K. Stefánsson Hjaltalín: *Upplýsingin og nútíminn*  
Fundarstjóri: Ásdís R. Magnúsdóttir

# Málstofur

## 10. mars

### 12.00–13.30 Tvíheimar: um sjálfsvitund og sagnavitund Vestur-Íslendinga – STOFA 207

Gísli Sigurðsson: *Sögur vesturíslenskra kvenna*

Úlfar Bragason: „*Að vera á milli landa*“

Helga Kress: „*Utlander. Utlander.*“ *Ísland og Ameríka í smásögum Williams D. Valgardson*

*Fundarstjóri:* Guðrún Björk Guðsteinsdóttir

### 12.00–13.30 Persónuvernd í upplýsingasamfélagi – STOFA 218

Margrét Lilja Guðmundsdóttir: *Rafrænt eftirlit á íslenskum vinnumarkaði. Umfang og birtingarform*

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir: *Líkami starfsmanna – viðfang eftirlits. Um notkun líftækni við stjórnun vinnustaða*

Salvör Nordal: *Persónuvernd og traust – upplýsingasöfnun á opinberum vettvangi*

### 12.00–13.30 Félag íslenskra fræða – STOFA 220 – Afmælistofa

Höskuldur Þráinsson: *Um hvað snýst málið?*

Daisy L. Neijmann: „*Að skrifa Ísland inn í umheiminn*“:  
*Þýðingar á Íslandi*

Helgi Skúli Kjartansson: *Að skrifa yfirlitssögu*

*Fundarstjóri:* Svanhildur Óskarsdóttir

### 12.30–14.00 Annað mál – STOFA 222

Ásta Ingibjartsdóttir: *Leiklist og tjáning á öðru tungumáli en móðurmálinu*

María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir:

*Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu og náms í töluðu máli*

*Kennsla í töluðu máli. Aðferðir og árangur*

*Fundarstjóri:* Katrín Axelsdóttir

**13.00–14.00 og 14.30–16.00 Blekking – STOFA 225**

Guðrún Þórhallsdóttir: *Þótt karlremban sé lamin með lurk leitir  
hún út um síðir*

Guðni Elísson: *Nú er úti veður vont. Loftslagsbreytingar og  
umræðuhefðin*

KAFFIHLÉ

Gunnþórunn Guðmundsdóttir: *Sannleikurinn í blekkingunni:  
Benjamín Wilkomirski og helfararfrásagnir*

Úlfhildur Dagsdóttir: *Líkami fyrir lífið: auga þitt er auga mitt*

Einar Gunnar Pétursson: *Vitleysa á kreiki. Fjárdauðinn á Skarði  
á Skarðsströnd veturinn 1865*

Fundarstjóri: Ásdís Egilsdóttir

**12.00–14.00 Ísland – Danmörk – STOFA 231**

Kristjana Kristinsdóttir: *Ísland sem lén í Danmörku 1541–1682.  
Lénsmenn og fógetar þeirra*

Gunnar Karlsson: *Dönsk stjórn á Íslandi, böll eða blessun*

Guðrún Kvaran: *„... sem næst kunni að verða dönskunni“. Eru  
áhrif dönsku á íslensku jafn ill og af er látið?*

Halldóra Jónsdóttir: *Orðabækur á milli dönsku og íslensku*

Fundarstjóri: Anna Agnarsdóttir

**14.30–16.00 Innflytjendur – Málstofa Ríðsins – STOFA 207**

Ástríður Stefánsdóttir: *Læknir á innflytjendamóttöku*

Eiríkur Bergmann Einarsson: *Hvers vegna óttumst við  
innflytjendur?*

Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtynska: *Líf á tveimur  
stöðum*

Fundarstjóri: Gauti Kristmannsson

**14.30–16.00 Kvennabarátta á krossgötum – STOFA 218**

Auður Styrkárdsdóttir: *Til móts við nýja tíma. Árið 1907*

Svanur Kristjánsson: *Leið Íslands til lýðræðis: Kvennabaráttan  
og bindindishreyfingin*

Kristín Ástgeirsdóttir: *„Samverkamenn og systur“. Bandalag  
kvenna 1917-1932.*

Fundarstjóri: Erla Hulda Halldórsdóttir

**14.30–16.30 Bókagerð á Helgafellsklaustri – STOFA 222  
á fjórtánu öld**

Ólafur Halldórsson: *Helgafellsbækur fornar*

Sverrir Tómasson: *Skrifað fyrir Skarðverja*

Guðvarður Már Gunnlaugsson: *Skriftin á Helgafellsbókum*

Haraldur Bernharðsson: *Helgafellsbækur og málbreytingar á fjórtánu öld*

*Fundarstjóri: Svanhildur Óskarsdóttir*

**14.30–16.00 Blekking – STOFA 225**

*Framhald, sjá framar*

**14.30–15.30 Arfur Tómasar postula – STOFA 229**

Pórður Ingi Guðjónsson: *Frá Sýrlandi til Íslands: Frá*

*Tómasarsögu til Tómas sögu postula*

Jón Ma. Ásgeirsson: *Tómasarkristni í hugmyndafræðilegu og sögulegu ljósi*

*Fundarstjóri: Hreinn Sk. Hákonarson*

**14.30–16.30 Ísland – Danmörk – STOFA 231**

Annette Lassen: *Norrøne highlights og hemmeligheder i dansk litteratur og kultur / Norrænic hápunktur og leyndarmál í dönskum bókmenntum og menningu*

Auður Hauksdóttir: *Viðhorf Dana til Íslands og Íslendinga. Goðsagnir og veruleiki*

Katinka Paludan: *Nyhedsavisen og aviskrigen*

Jacob Thøgersen: *Danskernes forestillinger om Island: En spørgeskemaundersøgelse*

*Fundarstjóri: Halldóra Jónsdóttir*

Hér er boðið upp á tvo staka fyrirlestra úr heimi bókmennta af ólíkum toga. Jón Viðar Jónsson rýnir í leikritið *Straumrof* eftir Halldór Kiljan Laxness og Bergljót S. Kristjánsdóttir skoðar teiknimyndapersónuna Stebba stælgæ sem lesendur *Tímans* fylgdust með á sjönda áratug síðustu aldar.

### **Jón Viðar Jónsson leiklistarfræðingur**

„*Það er draugur í veiðihúsinu.*“ *Er leikritið Straumrof víxlspor eða lykilverk á ferli Halldórs Kiljans Laxness?*

Leikrit Halldórs Kiljans Laxness, *Straumrof*, sem hann samdi árið 1934 og var frumsýnt í Iðnó sama ár, hefur löngum verið talið eitt lakasta verk hans. Fræðimenn hafa afgreitt það sem misheppnað raunsæisverk, nánast víxlspor á glæstum listferli skáldsins.

Í þessum fyrirlestri verður dregið í efa að slík afgreiðsla sé réttmæt og eðlileg. Í staðinn verður leitast við að nálgast *Straumrof* sem eins konar tilraun, uppkast eða leik höfundar að ákveðnum minnum (mótívum) og táknum sem ganga síðan nánast eins og rauður þráður í gegnum allt höfundarverk hans. Í hinum stærri verkum skáldsins er t.d. rík hneigið til sýmbólisma og ákveðin atriði þess sýmbólisma koma augljóslega fyrir í *Straumrofi*. Þó að úrvinnslan sé þar einfaldari og jafnvel grófgerðari miðað við margbrotinn listvef stóru skáldsagnanna er hún engu að síður mjög þess verð að henni sé gefinn gaumur – einmitt vegna þess að hún er skýrari og opnar okkur sýn á það sem er betur falið í skáldsögunum. Ekki er síst fróðlegt að skoða þá þæði sem liggja á milli leikritsins og *Sjálfstæðs fólks*, sem skáldið var að semja á sama tíma og hann skrifaði *Straumrof*. Heiti fyrirlestrarins vísar raunar beint til þeirra hliðstæðna sem sjá má með verkunum.

Loks verður kastað fram tilgátu um að sérstök tengsl kunni að vera á milli leikritsins og fyrri tilrauna Halldórs til leikritagerðar, að vísu ekki fyrir svið, heldur fyrir kvikmyndaiðnaðinn í Hollywood.

### **Bergljót S. Kristjánsdóttir dósent**

„*Viltu að ek höggvi þig langsum eða þversum?*“ *Um Stebba stælgæ, fortíð og nútíð, samfélag, myndir og sögur af ýmsu tagi*

Í fyrirlestrinum verður fjallað um teiknimyndasögu Birgis Bragasonar, *Stebba stælgæ*, sem birtist í dagblaðinu *Tímanum* á sjönda áratug síðustu aldar. Tæpt verður á straumum og stefnum í teiknimyndagerð frá og með árum seinni heimsstyrjaldarinnar til þess er sagan er samin; fjallað um satíriske einkenni sögunnar, leik hennar með fornan sagnaarf innlendan og erlendan; sjálfsöguleg einkenni og fleira.



Í málstofunni verður fjallað um texta sem eiga það sameiginlegt að vera fornir, en viðfangsefni fyrirlesara eru þó harla ólík. Aðalheiður Guðmundsdóttir fjallar um fornaldarsögur Norðurlanda, Gottskálk Þór Jensson um Þorláks sögu á latínu og Auður Ingvarsdóttir um blauða menn og hetjur á miðöldum.

**Aðalheiður Guðmundsdóttir aðjunkt**

*Rót og kvistir: um fornaldarsagnaefni í íslenskum heimildum*

Tegundargreining fornaldarsagna er og hefur verið umdeild. Mönnum ber hvorki saman um hvaða sögur teljast til hinna svokölluðu fornaldarsagna Norðurlanda, hvað það er sem gerir þær að tegund, eða þá hvort yfir höfuð er um afmarkaða bókmenntategund að ræða. Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að því efni sem liggur að baki sögunum í þeim tilgangi að sýna hversu umfangsmikil þessi tiltekna sagnahefð er innan íslenskrar bókmenntasögu, og hvaða sess hinar eiginlegu fornaldarsögur Norðurlanda skipa í þessu samhengi. Með nýstárlegri sundurgreiningu verður að nokkru leyti hreyft við hefðbundinni flokkun.

**Gottskálk Þór Jensson lektor**

*Nauðsyn nýrrar útgáfu á brotunum úr Vita sancti Thorlaci*

Varðveitt eru fjögur textabrot á latínu um Þorlák helga, nefnd Lat. I-IV í nýlegum útgáfum. Með einum eða öðrum hætti eru þau talin byggja á texta elstu lífssögu (*vita*) Þorláks, sem skrifuð var á latínu um 1200, þegar helgi Þorláks var opinberlega viðurkennd. Nýjar athuganir mínar á texta brotanna sýna að nauðsynlegt er að gefa þau út aftur og skýra þau, svo heillegri mynd fái af elstu lífssögu íslensks biskups á latínu, verki sem bæði varð fyrirmynd annarrar latneskrar lífssögu, sem Gunnlaugur Leifsson munkur á Þingeyrum skrifaði skömmu síðar um Jón biskup Ögmundarson, og fyrirmynd norrænu biskupasagnanna.

## Auður Ingvarsdóttir sagnfræðingur

*Gunnar og Njáll, „hvártveggi er blauður“. Karlmennska og tilvistarkreppa á miðöldum*

Snorri Sturluson telur upp í Skáldskaparmálum hvernig karlmenn eru lastaðir: „Að kalla mann blauðan, veykan, þjarfan, þirfing, blotamann, skauð, skræfu, skrið...“ o.s.frv. Lastmælin tengjast flest því að maðurinn sé mjúkur og língeður, veiklulegur og jafnframt kvengerður. Þetta hefur þótt hið versta mál í heimi þar sem afrek hörkutólanna voru tíunduð og lofuð. Kristni er vissulega töluvert á skjön við þessar hefðbundnu hugmyndir og þar er lögð áhersla á einkenni eins og mjúklyndi og lífillæti. Það er spennandi að skoða forna texta þar sem greina má ákveðna tilvistarkreppu, annars vegar hinn harði og sterki karlmaður sem hvorki bregður við sár né bana, gefur ekki eftir og hefnir fyrir mótgerðir og svo hins vegar er kristnum hetjum sem gjarnan er lýst sem línum og lífillátum og sáttfúsum.

---

### Trú og heimur

13.00–14.30

### Stofa 225

Fundarstjóri: Sólveig Anna Bóasdóttir

Þessi málstofa hefur að geyma þrjá fyrirlestra sem fjalla um kenningar um heiminn, trú eða hvort tveggja í senn. Heimsslitakenningar eru viðfangsefnið í þeim fyrsta – trú á endalok núverandi heimsskipulags. Í þeim næsta er glímt við sjálfa trúna og tengslin við reynslu og skynsemi. Í síðasta fyrirlestrinum er loks fjallað um heimskerfisfræði, þar sem Ísland telst nánast á endimörkunum.

### Bjarni Randver Sigurvinsson

*Heimsslitakenningar meðal kristinna trúarhópa á Íslandi*

Það er ekki aðeins í Bandaríkjunum sem kristnar heimsslitakenningar eru útbreiddar meðal almennings. Á Íslandi er að finna allmarga trúarhópa með nokkur þúsund meðlimi sem aðhyllast þessar sömu kenningar um endalok núverandi heimsskipulags, svo sem í formi yfirvofandi þrengingartímabils undir stjórn antikrists, burthrifningar, endurkomu Jesú Krists og stofnunar þúsund ára ríkis. Þá má einnig finna þessar kenningar víða í listum og dægurmenningu landsmanna, svo sem í myndlist, bókmenntum, kvikmyndum og tónlist. Það er því full ástæða til að kanna þessar kenningar nánar, framsetningu þeirra innan einstakra trúarhópa í tengslum við sögulegan og félagslegan bakgrunn þeirra og áhrif þeirra meðal almennings.

## **Róbert H. Haraldsson dósent**

### *Tvær tilgátur um trú*

Hver eru tengsl reynslu og skynsemi annars vegar og trúar hins vegar? Til að svara þessari spurningu verður gerður greinarmunur á tveimur tilgátum um trú, eða tveimur aðferðum til að hugleiða trú. Annars vegar verður lýst aðferð eða tilgátu sem nefna má frumspekilega og hins vegar aðferð eða tilgátu sem nefna má trúarlega eða verklega. Frumspekilega tilgátan leitast við að lýsa því hvað trú hljóti að merkja fyrir hinn trúaða einstakling, en verklega tilgátan skoðar hvernig trú getur haft merkingu fyrir hinn trúaða.

## **Orri Vésteinsson lektor**

### *Á endimörkunum. Íslandssagan í ljósi heimskerfisfræða*

Heimskerfi (World Systems Theory) er kenning eða sjónarhorn sem notað hefur verið til að fjalla á heildstæðan hátt um uppruna og eðli hins hnattræna hag- og stjórnmálakerfis nútímans. Kenningin á þó eins vel við minni og eldri kerfi og hefur höfðað bæði til sagnfræðinga og fornleifafræðinga sem fást við önnur tímabil en nútímann. Í fyrirlestrinum verða heimskerfisfræði kynnt, fjallað um skilgreiningar hugtaka eins og jaðars og miðju, einkum í samhengi miðalda, og Íslandssagan skoðuð frá þessu sjónarhorni.

---

## **Slóðir tungunnar**

13.00–14.30

## **Stofa 231**

Fundarstjóri: Guðrún Kvaran

Í þessari málstofu eru þrjár fyrirlestrar um málvísindi. Í þeim fyrsta veltir Margrét Jónsdóttir fyrir sér kyni orða og hvernig þau breyta um kyn. Þá skoðar Katrín Axelsdóttir sérstæða beygingu lýsingarorðsins *eigin(n)*. Loks fjallar Jón Axel Harðarson um tvískiptingu frumgermönsku í norðvesturgermönsku og austurgermönsku.

## **Margrét Jónsdóttir dósent**

### *Hvers kyns?*

Menn eru ekki á eitt sáttir um kyn orðsins *glögg*. Sumir vilja hafa það í hvorugkyni, aðrir í kvenkyni. Orðið *jógúrt* hefur sömuleiðis vafist fyrir mönnum. En það eru ekki einungis erlend tökuorð sem eru fleirkynja því að mörg orð úr innlenda orðaforðanum eru það líka. Orðið *föl* er t.d. gott dæmi

þar um. Jafnframt hafa fjölmörg orð breytt um kyn frá því sem áður var eins og t.d. orðið *leir* sem var hvorugkyns í eldra máli.

Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að því hvernig form orða, sérhljóð og eftirfarandi samhljóð, eitt eða fleiri, getur skilyrt kyn þeirra og þá jafnframt skýrt hvers vegna og hvernig orð breyta um kyn. Jafnframt verður rætt um tengsl merkingar og málfræðiforms.

## **Katrín Axelsdóttir aðjunkt**

### *Lýsingarorðið sem fór sínar eigin leiðir*

Beyging lýsingarorða í íslensku er fremur einsleit. Lýsingarorð sem standa með greinislausum nafnorðum (*spakur maður*) falla jafnan í annan hvorn eftirtalinna flokka:

- (1) Þau beygjast eins og lýsingarorðin *spakur* og *feginn*, eða á mjög áþekkan hátt.
- (2) Þau eru eins í öllum föllum og kynjum og báðum tölum, eins og lýsingarorðið *miðaldra*.

Frá þessu er þó undantekning – lýsingarorðið *eigin(n)*, en algengasta beyging þess í nútímamáli er eins og blanda af fyrrnefndu flokkunum.

Í fyrirlestrinum verður fjallað um beygingu orðsins í fornu máli og hvernig hún hefur breyst síðan þá. Einnig verður rætt hvaða leiðir orðið kann að fara í framtíðinni.

## **Jón Axel Harðarson prófessor**

### *Er kenningin um skiptingu frumgermönsku í norðvesturgermönsku og austurgermönsku verjandi?*

Samkvæmt hefðbundinni skoðun greindist frumgermanska í þrjár mállyzkur: norðurgermönsku, vesturgermönsku og austurgermönsku. Um miðja 20. öld reyndi Ernst Schwarz að færa rök fyrir nánnum tengslum gotnesku og norrænu; gerði hann ráð fyrir að frumgermanska hefði greint í gotnesk-norrænu annars vegar og suðurgermönsku hins vegar. Þessa kenningu gagnrýndi Hans Kuhn, sem hélt því fram að frumgermanska hefði greint í norðvesturgermönsku og austurgermönsku. Taldi hann að norðvesturgermanska málskeiðið hefði varað frá upphafi rómverska keisarátímabilsins fram á 6. öld e. Kr. Þrátt fyrir að margir málfræðingar hafi aðhyllt þessa kenningu um tvískiptingu frumgermönsku, hafa þeir ekki verið á eitt sáttir um tímasetningu hins sameiginlega málsamfélags norður- og vesturgermanskra þjóða. Þannig gerði E. A. Makaev ráð fyrir að það hefði varað fram á 4. eða 5. öld, er vesturgermanska klofnaði við þróun hins

svonefnda „ingveónska“ undirflokks. Elmer Antonsen telur að tímabil norðvesturgermönsku, sem hann lítur á sem frummál norrænu og ingveónsku, endi skömmu fyrir eða um 200 e. Kr. Þá tímasetur Ottar Grönvik hið sameiginlega málstig norðurgermanskra og vesturgermanskra mála frá 500 til 200 f. Kr. Af þessu er ljóst að tímasetningin hefur sífellt færzt aftur í tíma. Í fyrirlestrinum verður athugað, hvort kenningin um tvískiptingu frumgermönsku í norðvesturgermönsku og austurgermönsku sé yfirleitt verjandi.

---

## **Trú, menning og samfélag**

15.00–16.30

## **Stofa 207**

Fundarstjóri: Ásdís Emilsdóttir Petersen

Trúin glímir við grundvallarviðfangsefni mannlífsins á öllum tímum, svo sem spurningarnar um réttlætið, þjáninguna og dauðann og þetta á við hver svo sem trúarleg afstaða einstaklinga er hverju sinni.

Trúarkenningar, helgisiðir og trúarstofnanir eru hluti af menningu og sögu hverrar þjóðar. Í málstofunni um trú, menningu og samfélag verður fjallað um það hvernig kristin trúarstef birtast í myndlist og ljóðum tveggja valinkunnra Íslendinga á 20. öld – og hvernig paradísarmissir, sem er eitt af grundvallarstefnum Gamla testamentisins birtist í fjórum kvikmyndum um helförina gegn gyðingum í annarri heimsstyrjöldinni.

## **Pétur Pétursson prófessor**

*Dultrú og þjóðernishyggja í verkum Einars Jónssonar*

Einar Jónsson myndhöggvari deildi kjörum með íslenskum stúdentum í Kaupmannahöfn um aldamótin 1900 og í uppgjöri sínu við fortíðina þráði hann að finna sannleikann og uppsettu frumleikans í listinni. Eftirmyndir og þjónkun við hefðir voru eitru í hans beinum. Í fyrirlestri mínum mun ég kanna áhrif guðspekinnar á listsköpun hans og það hvort og hvernig leitinn að hinu guðlega sjálfi í manneskjunni og listinni var tengd hugsjóninni um sjálfstæða íslenska þjóð.

## **Hjalte Hugason prófessor**

*Trúarstef og pólitík í kveðskap Snorra Hjartarsonar*

Líta má svo á að Snorri Hjartarson hafi lengst af ástundað ljóðlist sína hennar sjálfrar vegna. Lengst af ferilsins skipaði náttúran veigamikinn sess í kveðskap hans. Síðar tók mjög að bera á sálfræðilegum kenndaljóðum sem miðla hughrifum skáldsins, ekki síst hughrifum þess frammi fyrir dauðanum. Þá

hefur verið bent á í fyrri rannsóknum að í ljóðum Snorra gæti trúarlegar hugsunar lítt eða ekki.

Þrátt fyrir þetta er ljóst að Snorri lifði róttækt pólitískt tímabil sem endurspeglast í ljóðum hans. Tekur þess að gæta í síðustu ljóðum *Kvæða* (1944) en kemur best fram í bókinni *Á Gnítaheiði* (1952). Þá gætir víða í ljóðunum biblíuvísana og annarra trúarstefja.

Í fyrirlestrinum verður fjallað um það hvernig trúarstef og pólitísk hugsun fléttast saman í kveðskap Snorra en trúarstefin virðist ekki síst vera að finna í ljóðum með pólitískum undirtónum eða boðskap.

## **Gunnlaugur A. Jónsson prófessor**

*Paradísarmissir í nokkrum helfararkvikmyndum*

Trúarlegt efni er gjarnan áberandi í helfararkvikmyndum, einkum siðferðilegar spurningar. Vísanir í Gamla testamentið eru sömuleiðis algengar. Furðulega lítið hefur hins vegar farið fyrir rannsóknum á notkun slíks efnis í þessum tegundum kvikmynda.

Í þessu erindi verður sýnt hvernig stefið paradísarmissir kemur fyrir á mjög athyglisverðan hátt í nokkrum helfararkvikmyndum frá ólíkum tímabilum. Einkum verður þetta efni skoðað í eftirtöldum kvikmyndum: *The Search* (1947), *Kapo* (1959), *The Pawnbroker* (1964) og *The Pianist* (2002).

---

### **Gunnar Gunnarsson**

15.00–16.00

### **Stofa 218**

Fundarstjóri: Guðrún Nordal

Í þessari málstofu er ætlunin að beina sjónum að hugmyndum Gunnars Gunnarssonar og tilteknum skáldverkum hans, meðal annars með hliðsjón af þeirri umræðu sem farið hefur fram um skáldið undanfarin misseri, ekki síst í nýlegri ævisögu Halldórs Guðmundssonar um Gunnar og Þórberg Þórðarson.

### **Jón Karl Helgason**

*Tólf persónur í leit að höfundi: Vikivaki í bókmenntasögulegu samhengi*

Flestir þeirra sem fjallað hafa um skáldsöguna *Vikivaka* eftir Gunnar Gunnarsson eru sammála um að hér sé á ferðinni eins konar táknsaga sem lýsi sambandi höfundar við sögupersónur sínar. Sumir fræðimenn hafa í því viljað sjá bókmenntasöguleg tengsl milli verksins og skáldsögunnar *Kristnihald undir Jökli* eftir Halldór Laxness. Á hinn bóginn hefur takmarkað verið fjallað um tengsl *Vikivaka* við þá erlenda bókmenntastrauma sem skáldsagan vissulega tilheyrði

Þegar hún kom upphaflega út á dönsku árið 1932. Í fyrirlestrinum verður reynt að bæta úr þessu og sagan meðal annars borin saman við skáldsögurnar *Þegar svefþurkan vaknar* og *Punktur kontra punktur* eftir ensku rithöfundana H.G. Wells og Aldous Huxley og leikritið *Sex persónur í leit að höfund* eftir ítalska skáldið Luigi Pirandello.

### **Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur**

*Hernumdir Danir á íslenskri heiði. Um samband Gunnars Gunnarssonar við dönsku þjóðina á stríðstímum*

Í fyrirlestrinum verður fjallað um hugmyndir Gunnars Gunnarssonar um sameiningu Norðurlandanna í eitt ríki sem birtust í greinaskrifum hans á þriðja áratugnum og í bókinni *Det Nordiske Rige* sem kom út árið 1927. Í skrifum fræðimanna um Gunnar hefur stundum verið fremur lítið gert úr skandinávisma Gunnars, en í fyrirlestrinum verður sýnt fram á að það sé nauðsynlegt til skilnings á stöðu hans sem norræns höfundar að gefa þessum hugmyndum gaum og taka þær alvarlega.

Í fyrirlestrinum verður einnig fjallað um skáldsögu Gunnars, *Heiðaharm*, sem kom út á íslensku árið 1940 en í danskri útgáfu árið 1942. Sé útgáfusaga þessara bóka og viðtökur í Danmörku skoðuð birtist flóknari mynd af bókmenntasögulegri og pólitískri stöðu Gunnars á stríðsárunum en áður hefur komið fram.

---

### ***Straumar og stefnur***

15.00–16.30

### ***Stofa 231***

Fundarstjóri: Ásdís R. Magnúsdóttir

Í þessari málstofu eru þrjár fyrirlestrar sem eiga það sameiginlegt að fjalla um strauma og stefnur. Sigurður Pétursson leitar að rótum húanismans á Íslandi. Ásdís G. Sigmundsdóttir er á svipuðu slóðum í tíma, en skoðar hug Englendinga til Ítalíu á 16. öld. Torfi K. Stefánsson skyggist nær okkur í tíma og veltir fyrir sér upplýsingarstefnunni í fortíð og nútíð.

### **Sigurður Pétursson lektor**

*Slóð húanista á Íslandi*

Árið 1593 birtist á prenti í Kaupmannahöfn ritið *Brevis Commentarius de Islandia*. Þetta rit er að flestu leyti mjög í anda húanista og er órækur vitnisburður um það að húanisminn, fornmenntastefna endurreisnarinnar, hafði fest rætur á Íslandi.

Þetta gerðist á hinn bóginn ekki í einu veffangi heldur átti það sér langa forsögu. Reynt verður eftir mætti að leita þeirra Íslendinga sem voru frumkvöðlar á þessu sviði og benda á þau verk þeirra, stór og smá, sem stuðluðu að því að skapa þær forsendur á Íslandi að rit eins og *Brevis Commentarius* gat orðið til.

### **Ásdís G. Sigmundsdóttir bókmenntafræðingur og doktorsnemi** *Englese Italianato, e un diavolo incarnato. Menningartengsl Ítalíu og Englands á 16. öld*

Í hugum Englendinga á 16. öld var Ítalía annars vegar stórvarasamt lastabæli en hins vegar uppspretta stórkostlegra menningarafurða. Varnaðarorð um siðferðileg og trúarleg áhrif Ítalíu á saklausa Englendinga sem ekki gættu sín á hinum heillandi heimi lasta og spillingar, voru leiðarstef í margs konar ritum, m.a. ferðasögum og verkum um menntamál og bókmenntir. Í fyrirlestrinum mun ég fjalla um þessa ímynd Ítalíu eins og hún birtist í nokkrum enskum verkum frá 16. öld og það hlutverk sem bókmenntaþýðingar voru taldar gegna í þessu samhengi.

### **Torfi K. Stefánsson Hjaltalín guðfræðingur** *Upplýsingin og nútíminn*

Upplýsingin og áhrif hennar á vestræna menningu hefur komist í opinbera umræðu upp á síðkastið, m.a. vegna deilnanna um „skopmyndirnar“ af spámanninum sem birtust í danska dagblaðinu Jótlandspóstinum og viðbragða íslamskra bókstafstrúarmanna við myndbirtingunni, sem litu á hana sem sístætt ferli sem aldrei tæki enda. Í framhaldi af því var hinn pólitískt gagnrýnandi andi upplýsingar settur fram sem dæmi um andstæður hins vestræna heims og þess íslamska – og átti að sýna yfirburði þess fyrrnefnda. Áhrifin frá upplýsingunni voru sögð forsenda þess að vera nútíma manneskja. Vegna fjarveru þeirra í hinum múslímska heimi væri hann langt á eftir Vesturlöndum á þróunarbrautinni.

En var upplýsingartíminn eins sjarmerandi og af er látið? Umburðarlyndi, skynsemishyggja og mannréttindi voru vísast höfð að orði en voru kannski ekki eins borðleggjandi?

Í þessu erindi eru rakin nokkur dæmi þess að orð og athöfn fylgdust ekki að á tímum upplýsingar hér á landi.

Heimspekingar 20. aldar vildu margir hverjir ekki líta á upplýsinguna sem eitthvað sem væri að baki, sem fortíðarfyrirbæri, heldur vildu feta í fótspor Kants sem leit á hana sem sístætt ferli sem aldrei tæki enda. Upplýsingin liggja í framtíðinni. Gagnrýni á eigið samfélag, á sjálfsdýrkun hvers tíma, sé kjarni hinnar upplýstu hugsunar.



## LAUGARDAGUR

### ***Tvíheimar: um sjálfsvitund og sagnavitund Vestur-Íslendinga***

**Stofa 207**

12.00–13.30

Fundarstjóri: Guðrún B. Guðsteinsdóttir

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um aðlögun fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Á síðari hluta 19. aldar fluttu um 20% íslensku þjóðarinnar til Vesturheims. Í málstofunni verður fjallað um hvernig sjálfmynd þessa fólks og afkomenda þess birtist í einkaheimildum, munnlegri geymd og skáldverkum.

### **Gísli Sigurðsson rannsóknarprófessor**

*Sögur vesturíslenskra kvenna*

Veturinn 1972–73 fóru hjónin Hallfreður Örn Eiríksson og Olga María Franzdóttir um byggðir Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku og söfnuðu þjóðfræðaeefni. Safn þeirra er um 60 klst. af uppteknu efni og af því má draga út um 20 klst. af eiginlegum sögum og kvæðum eftir 87 einstaklinga, þar af 31 konu. Þetta er margs konar efni, m.a. minningar af Íslandi, sögur um frumbyggjaárin og mannlíf í Vesturheimi, Indíána, einkennilega menn og sterka, veiðar, drauma, dulræn fyrirbæri, kveðskap og ævintýri, en konurnar skera sig nokkuð úr að því leyti að auk þess að fara með kveðskap segja þær nær eingöngu ævintýri og sögur um drauma og dulræn fyrirbæri.

### **Úlfar Bragason rannsóknarprófessor**

*„Að vera á milli landa“*

Þeirri skoðun hefur verið haldið fram að innflytjendur í Bandaríkjunum á 19. öld hafi þróað með sér tvöfalda eða tvíátta sjálfsmýnd (double consciousness, double self, complementary identity) – sem borgarar þar í landi en upprunnir og með rætur í heimalandinu. Þetta hafi verið skref í aðlögun þeirra að nýjum heimkynnum. Í fyrirlestrinum verður fjallað um hvernig þessi skoðun kemur heim og saman við sjálfshemildir sem Jón Halldórsson frá Stóruvöllum lét eftir sig.

## Helga Kress prófessor

„*Utlander. Utlander.*“ *Ísland og Ameríka í smásögum Williams D. Valgardson*

„What was Iceland to me? I was fourth-generation Canadian.“ Þessarar spurningar spyr nafnlaus sögumaður sjálfan sig í sögu Williams D. Valgardson, „The Man from Snaefellsness“, en sagan birtist í tveimur hlutum í smásagnasafni hans, *What Can't Be Changed Shouldn't Be Mourned* frá 1990. William D. Valgardson er með þekktustu rithöfundum Kanada. Hann fæddist í Winnipeg árið 1939, sjálfur af fjórðu kynslóð íslenskra landnema í Kanada, en langafi hans, Ketill Valgarðsson, fluttist 18 ára gamall frá Snaefellsnesi ásamt föður sínum, Valgarði Jónssyni, og settist að á Nýja Íslandi 1876. William ólst upp á Gimli en hefur um áratuga skeið átt heima í Victoria, B.C., þar sem hann m.a. kennir ritlist við University of Victoria. Af útgefnum verkum hans má, auk ofangreindrar bókar, nefna smásagnasöfnin *Bloodflowers* (1973), *God is Not a Fish Inspector* (1975) og *Red Dust* (1978) og skáldsögurnar *Gentle sinners* (1980) og *The Girl with the Botticelli Face* (1992), en hann hefur einnig gefið út ljóð og ritað bækur fyrir börn. Í mörgum verka sinna sækir William efni til Nýja Íslands þar sem hann ólst upp, og þar sem hann segist í raun eiga heima, og má að einhverju leyti telja a.m.k. sum þeirra sjálfsævisöguleg. Í fyrirlestrinum verður einkum hugað að smásögunum „The Man from Snaefellsness“ og „The Cave“, báðar í *What Can't Be Changed Shouldn't Be Mourned*, en sögumaður beggja er rithöfundur af íslenskum ættum sem fer fram og aftur í tíma í leit að rótum sínum í tungumáli, landslagi, minningum og hverfandi heimildum. Önnur atriðisorð eru þjóðerni, kynferði, landnám, útleið, skáldskapur, saga og (margskipt) sjálfsmynd.

---

### **Persónuvernd í upplýsingasamfélagi**

**Stofa 218**

12.00–13.30

Málstofan er haldin í tilefni þess að á næstu vikum kemur út samnefnd bók með greinum um persónuvernd og eftirlit í nútímasamfélagi. Á vegum Siðfræðistofnunar og fleiri aðila hafa undanfarið verið starfrækt rannsóknaverkefni tengd persónuvernd og gagnagrunnum á heilbrigðissviði. Þá hafa einnig verið unnar rannsóknir um rafrænt eftirlit á vinnustöðum og skoðanakannanir gerðar á viðhorfum almennings til þessara mála. Málstofan veitir upp nokkrum þeirra spurninga sem fjallað er um í bókinni.

## **Margrét Lilja Guðmundsdóttir félagsfræðingur**

*Rafrænt eftirlit á íslenskum vinnumarkaði. Umfang og birtingarform*

Í dag er eftirlit viðhaft með vinnu fjölmargra starfsmanna víða um heim og er Ísland þar engin undantekning. Þannig hefur það færst í vöxt á undanförunum árum að eftirlitinu er beint að starfsmönnum sjálfum frekar en vinnunni sem slíkri. Með tilkomu ýmissa tækninýjunga hefur slíkt eftirlit orðið auðveldara. Auk þess sem nú er hægara um vik að hafa stöðugt eftirlit með starfsmönnum. Með eftirlitinu er hægt að fylgjast með og skrá niður vinnuframlag og athafnir starfsmanna. Þetta hefur verið kallað *rafrænt eftirlit*. Í fyrirlestrinum er ætlunin að varpa ljósi á umfang rafræns eftirlits á íslenskum vinnumarkaði, hvert viðhorf starfsmanna er til slíks eftirlits, hvaða þáttum þarf að huga að í tengslum við rétt starfsmanna til friðhelgi einkalífs og hvort og þá hvaða áhrif rafrænt eftirlit hefur á líðan starfsmanna.

## **Guðbjörg Linda Rafnsdóttir dósent**

*Líkami starfsmanna – viðfang eftirlits. Um notkun líftækni við stjórnun vinnustaða*

Aðgangur að persónugreinanlegum upplýsingum um líf og hagi einstaklinga er orðinn mun auðveldari en áður. Þótt eftirlit af ýmsu tagi hafi alla tíð verið stundað á vinnustöðum þá hafa ríkjandi viðhorf í áhættu- og árangursstjórnun orðið til þess að fylgst er með starfsmönnum sem einstaklingum á vinnustöðum fremur en starfinu eða afurð þess eins og áður var gert. En nú dugir ekki lengur að fylgjast með og rannsaka afköst og framkomu starfsfólks, heldur er einnig farið inn í líkamann og náð í upplýsingar t.d. úr blóðsýnum til að safna upplýsingum um það sem þar er að finna, ásamt því að safna líftölfræðilegum upplýsingum um einstaklinga.

Markmið fyrirlestrarins er að skoða notkun líftækni við stjórnun vinnustaða, annars vegar með því að greina frá fræðilegri umfjöllun um málið, hins vegar með því að orðræðugreina umfjöllun í *Morgunblaðinu* um líftækni í þeim tilgangi að hafa eftirlit með starfsfólki.

## **Salvör Nordal heimspekingur**

*Persónuvernd og traust – upplýsingasöfnun á opinberum vettvangi*

Fjallað verður um það hvaða skilningur er lagður í hugtökin friðhelgi einkalífsins og persónuvernd. Margir sem um málið hafa fjallað hafa lagt áherslu á stjórn einstaklingsins yfir persónulegum upplýsingum sínum og mikilvægi samþykkis hans fyrir t.d. skráningu upplýsinga. Í fyrirlestrinum verður velt upp hversu raunhæft sé að einstaklingurinn hafi slíka stjórn á

upplýsingasöfnun á opinberum vettvangi og hvort slík upplýsingagjöf og skráning hljóti ekki fyrst og fremst að hvíla á því að sá sem láti upplýsingar af hendi treysti þeim sem við þeim tekur.

---

## **Félag Íslenskra fræða**

**Stofa 220**

### **Afmælistofa**

12.00–13.30

Fundarstjóri: Svanhildur Óskarsdóttir

Félag íslenskra fræða býður til málstofu í tilefni 60 ára afmælis félagsins nú í ár. Þegar Háskóli Íslands var stofnaður, árið 1911, var komið á fót heimspekideild þar sem boðið var upp á íslensk fræði – nám í sögu, málfræði og bókmenntum. Enginn nemandi var þó skráður veturinn 1911–1912 en smám saman óx jafnt deild sem fræðum fiskur um hrygg. Einn ávöxturinn var Félag íslenskra fræða sem stofnað var árið 1947 með það að markmiði að efla íslensk fræði. Í 60 ára sögu þess hafa verið haldin málþing og fyrirlestrar um hvaðeina sem rúmast má innan fræðasviðsins. Og enn er félagið að og heldur nú afmælistofu. Höskuldur Þráinsson, prófessor í málfræði, fjallar um viðhorf til málfræði sem ruddu sér til rúms á síðari hluta 20. aldar. Daisy L. Neijmann fjallar um hvernig má „þýða Ísland“ fyrir útlendinga og beinir sjónum að íslenskri bókmenntasögu, *A History of Icelandic Literature*, sem nýlega kom út á ensku. Helgi Skúli Kjartansson, prófessor í sagnfræði, dvelur við yfirlitsrit, einkum í sagnfræði, kosti þeirra og galla, en síðustu árin hafa einmitt komið út yfirlitsrit um málfræði, bókmenntir og sagnfræði. Fyrirlestrarnir eru því hver af sínu fræðasviði félagsins og varpa ljósi á þróun, útflutning og afurðir íslenskra fræða.

### **Höskuldur Þráinsson prófessor**

*Um hvað snýst málið?*

Því hefur stundum verið haldið fram að ein mesta, eða jafnvel alvarlegasta, breyting á málfræðikennslu við Háskóla Íslands, ekki síst í íslenskuskor, hafi orðið þegar einstakir kennarar þar urðu fyrir áhrifum af kenningum bandaríska málfræðingsins Chomskys og tóku að kenna, skipuleggja námskeið og jafnvel semja bækur í þeim anda. En hvers eðlis eru þessar hugmyndir? Um hvað snýst málið í raun og veru?

Þegar þetta efni ber á góma heyrast oft fullyrðingar sem minna býsna mikið á hið fornkveðna: „Þeir segja mest af Ólafi konungi sem hvorki hafa heyrt hann né séð.“ Menn segja þá kannski að þessar hugmyndir snúist allar um dularfullar baklægar gerðir, ummyndanir, flóknar hríslur o.s.frv. Í þessum

fyrirlestri verður því aftur á móti haldið fram að langmikilvægasti þátturinn í málfræðibyltingu Chomskys sé fölginn í **skilgreiningu hans á viðfangsefni málfræðinga** og alls ekki í einhverri tiltekinni tegund af formlegri framsetningu á málfræðireglum eða lögmálum. Samkvæmt þeirri skilgreiningu er málfræði fyrst og fremst lýsing á því hvað það er sem menn kunna þegar þeir kunna tungumál. Málfræðingar fást þá við það að lýsa þessari kunnáttu, hvernig menn öðlast hana og hvernig menn nota hana. Þess vegna hefur orðið **málkunnáttufræði** verið notað um þessa tegund málfræði. En í fyrirlestrinum verður líka fullyrt að margt af því sem málfræðingar fást við sé alls ekki af þessum toga. Það er nefnilega alls ekki hægt að koma málkunnáttufræði að í öllu sem við erum vön að kalla málfræði. En menn verða að átta sig á því hvenær það er gagnlegt, og jafnvel nauðsynlegt, að horfa á málið frá sjónarhóli málnotandans.

## **Daisy L. Neijmann lektor við University College London**

*„Að skrifa Ísland inn í umheiminn“: Þýðingar á Íslandi*

Í erindi mínu ætla ég að fjalla um stöðu og ástundun íslenskra fræða erlendis (í enskumælandi heimi) frá sjónarmiði sendikennara, og kanna svolítið þær aðstæður sem horfa við þeim sem kenna og stunda íslensk fræði í erlendu samhengi, „úr“ samhengi. Þessar aðstæður voru oft þær sömu og ég var í sem ritstjóri nýútkominnar íslenskrar bókmenntasögu á ensku, *A History of Icelandic Literature*, og ég mun því líka ræða kynningu og miðlun Íslands frá því sjónarmiði, og hvað felst í því að „þýða“ íslenska (bók)menningu yfir á annað menntunar- og menningarkerfi fyrir erlendan markhóp.

## **Helgi Skúli Kjartansson prófessor**

*Að skrifa yfirlitssögu*

Yfirlitsrit hafa verið áberandi í öllum greinum íslenskra fræða, ekki síst síðustu árin. Í hópi sagnfræðinga hefur athygli jafnframt beinst að annmörkum yfirlitsrita, a.m.k. sumra tegunda þeirra. Fyrirlesari, sem hefur komið að samningu og ritstjórn margs konar yfirlitsrita, ræðir um reynslu sína af verkefnum yfirlitshöfundarins. Hann fjallar um ólíkar gerðir sagnfræðilegra yfirlitsrita og einkenni þeirra í samanburði við annars konar framsetningu: rannsóknarverk, túlkunarverk, uppflettiverk, skáldverk. Sömuleiðis vandamál sem spretta af ólíkum tilgangi sagnaritunar, fræðilegum, alþýðlegum og annarlegum, en kannast ekki við að yfirlitsrit séu sérstaklega til þess fallin að þjóna annarlegum tilgangi.

Í Hugvísindadeild eru fjölmörg tungumál kennd sem annað mál, þar á meðal íslenska. Í þessari málstofu verður sjónum einkum beint að kennslu og námi í töluðu máli. Ásta Ingibjartsdóttir fjallar um möguleika sem felast í því að nýta leiklistina. María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir standa saman að tveimur fyrirlestrum. Í þeim fyrri segir frá rannsókn á viðhorfi nemenda og í þeim síðari frá aðferðum sem notaðar hafa verið í kennslu íslensku fyrir útlendinga við íslenskuskor.

### **Ásta Ingibjartsdóttir aðjunkt**

*Leiklist og tjáning á öðru tungumáli en móðurmálinu*

Það er að mörgu að huga í tungumálakennslu og námi á erlendu tungumáli. Þar er fyrst að nefna nemandann sjálfan, hvernig litið er á hann í kennslu, í hvaða samhengi honum er stillt upp. Í „kennslu“ á töluðu máli eru þessir þættir mikilvægir. Við vitum að það getur verið flókið og erfitt ferli, jafnvel áhætta, að tjá sig á öðru máli en móðurmáli sínu. Leiklistin getur gagnast nemandanum að tengjast nýju tungumáli og sættast við ímynd sína í erlendu tungumáli og nota það sem tæki til tjáningar.

### **María Garðarsdóttir, aðjunkt og Sigríður Þorvaldsdóttir aðjunkt**

*Könnun á viðhorfum nemenda til kennslu og náms í töluðu máli*

Í erindinu verður sagt frá könnun sem lögð var fyrir nemendum í íslensku fyrir erlenda stúdenta. Í könnuninni var leitast við að kanna viðhorf nemendanna til kennslu og náms í töluðu máli. Könnuninni verður lýst og sagt frá helstu niðurstöðum.

*Kennsla í töluðu máli. Aðferðir og árangur*

Við sem kennum erlendum nemendum íslensku hér við háskólann erum flest sammála um að kennsla í töluðu máli sé einna erfiðust viðfangs. Það er erfitt að henda reiður á því hvað það er sem þarf að kenna og hvernig. Kennslan reynir á samskipti kennara og nemenda og krefst mikillar samskiptafærni beggja og hugmyndaauðgi. Í erindinu verður fjallað um helstu aðferðir sem hafa verið notaðar við skorina og reynt að meta

gagnsemi þeirra. Í því sambandi verður stuðst við niðurstöður könnunar á viðhorfum nemenda til kennslu og náms í töluðu máli.

### **Blekking**

13.00–14.00

14.30–16.00

---

### **Stofa 225**

Fundarstjóri: Ásdís Egilsdóttir

Fimm fyrirlesarar glíma hér við blekkinguna, sem birtist okkur í ólíkum myndum. Guðrún Þórhallsdóttir fjallar um kynjamismunun í tungumálinu og veltir fyrir sér hvort aðeins halli á konur. Hún spyr: Er það blekking að misræmi jafngildi misrétti? Guðni Elísson dregur hins vegar fram blekkingar í umræðunni um loftslagsbreytingar. Gunnþórunn Guðmundsdóttir fjallar um falsaðar sjálfsævisögur þar sem blekkingin getur falið í sér sannleik. Blekkingarheimur mannlíkamans er viðfangsefni Úlfhildar Dagsdóttur sem rýnir í hrollvekjur og vísindaskáldskap. Loks segir Einar Gunnar Pétursson frá því hvernig ágiskun varð að staðreynd – skólabókardæmi um að menn skuli ekki taka neitt sem gefið þótt margsinnis hafi verið endurtekið á prenti.

### **Guðrún Þórhallsdóttir dósent**

*Þótt karlremban sé lamin með lurk leitar hún út um síðir*

Hér verður fjallað um ýmsar hliðar á spurningunni um hvort kynjamismunun í tungumálinu, sem ýmsir telja felast bæði í orðaforða og notkun karlkyns, kvenkyns og hvorugkyns, standi framgangi jafnréttis fyrir þrífum. Kröfur um málbreytingar af jafnréttisástæðum hafa fyrst og fremst verið settar fram vegna óánægju kvenna og til að rétta hlut þeirra, en nú verður spurt: Íþyngir kynjakerfi íslensku eingöngu konum? Ættu karlar að vera óánægðir með sinn hlut? Hafa íslenskar konur ástæðu til að óska sér sömu breytinga og breskar eða þýskar? Eru málfraðingar sem fjalla um íslensku og ensku í sömu aðstöðu? Er þetta kannski innflutt vandamál? Er það blekking að misræmi jafngildi misrétti?

### **Guðni Elísson dósent**

*Nú er úti veður vont. Loftslagsbreytingar og umræðuhefðin*

Á fréttavef BBC birtist fyrir skömmu úttekt á skýrslu sem breski verkamannaflokkurinn lét vinna um fréttir af gróðurhúsaáhrifum. Í skýrslunni eru fjölmiðlar m.a. harðlega gagnrýndir fyrir „loftslagsklám“, óagaða umfjöllun þar

sem heimsslitasýnin ræður ríkjum. Umræðan er lesin í samhengi klámmynda, hamfaramynda, vísindamynda og hrollvekjunnar. Skýrslan fjallar ekki aðeins um heimsslitafrásagnir því að höfundar eru jafn gagnrýnir á þá sem reyna að gera lítið úr hættunni, vilja skýra hana í burtu þvert á vísindalegar vísbendingar og þá sem halda að ný tækni geti leyst þann vanda sem mannkyni stafar af gróðurhúsaáhrifum. Hefur kannski loftslagsumræðan ekki náð tilætluðum áhrifum vegna þess að hún fer í sífellu öfganna á milli?

Hugmyndir bresku skýrsluhöfundanna eru ekki nýjar af nálinni. Bandaríski heimspækingurinn Mark Edmundson ræðir vistfræðilegan hrylling í bók sinni *Nightmare on Main Street* frá 1997 og bendir réttilega á að við höfum vanist því að ræða náttúruna og framtíð mannsins á jörðinni út frá heimsslitaforsendum. Hamfarakvikmyndir og náttúruverndarsamtök keppast við að sýna okkur jörð á síðasta snúningi, þar sem mannskepnan er eins og banvænn vírus í vistkerfinu. Þessi tilhneiging hefur ekki minnkað á síðustu tíu árum eins og glögglega má sjá í bók Simons Pearson, *The End of the World: From Revelation to Eco-Disaster*, en hann segir umræðuna um hryðjuverkaógnina rétt eins og hættuna af gróðurhúsaáhrifum einkennast af heimsendaorðræðu. Sama máli gegnir um óttann við kjarnorkustríð, efnavopna- og sýklahernað, fréttir af ýmiss konar yfirvofandi farsóttum, lýsingar á eyðingu regnskóganna og gatinu á ósonlaginu, frásagnir af loftsteinahættunni, umræðu um notkun eiturfna og hormóna í landbúnaði, um erfðabreytt matvæli, og sögur af því hvernig öll tölvukerfi heimsins áttu að hrynja um síðustu aldamót.

Í erindinu verður fjallað um þær áherslur sem bresku skýrsluhöfundarnir lögðu, en um leið er þeirri spurningu varpað fram hvort sömu öfgar megi finna í íslenskri umræðu um loftslagsmál.

## KAFFIHLÉ

### **Gunnþórunn Guðmundsdóttir aðjunkt**

*Sannleikurinn í blekkingunni: Benjamin Wilkomirski og  
helfararfrásagnir*

Erindið mun fjalla um áhrif og afleiðingar falsaðra sjálfsævisagna. Sérstaklega verður tekin fyrir frásögn úr helförinni sem reynst hefur fölsuð og rétt hvaða ljósi þessi fölsun varpar á viðtökur, umræður og stöðu sjálfsævisögulegra frásagna í helfararumræðunni. Þá verður velt upp spurningum um frásagnir afkomenda fórnarlamba helfararinnar, t.d. í tengslum við hugtakið 'post-memory', og hvernig slíkar frásagnir setja mark sitt á umræðuna og könnuð margvísleg viðbrögð við slíkum frásögnum.



## Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur

*Líkami fyrir lífið: auga þitt er auga mitt*

Lífið, en ekki dauðinn, er helsta uppspretta hryllings ef marka má vinsælar kenningar innan hrollvekjufraeða. Þessi ótti við hinn allt-of-lifandi líkama tengist iðulega líftækniúræðu eins og hún birtist í hrollvekjum og vísindaskáldskap, meðal annars í sögum um líffæraflutninga. Hver eru tengsl líffæra eða líkamshluta við fyrri 'eiganda'? Hvaða áhrif hefur það á mína sýn ef ég sé í gegnum augu annarrar manneskju? Hér er komið inn á blekkingarheim mannlíkamans, talað er um 'drauga'-sársauka þegar fólk finnur til í aflimuðum útlím, en hvað með blekkingu þeirra líffæra sem bætast inn í mannlíkamann?

## Einar Gunnar Pétursson rannsóknarprófessor

*Vitleysa á kreiki. Fjárdauðinn á Skarði á Skarðsströnd veturinn 1865*

Í fræðiritum og handbókum stendur að miltisbrands hafi fyrst orðið vart héraðs á Skarði á Skarðsströnd síðla vetrar 1865, en þá drápu þar á annað hundruð fjár. Elstu heimildir segja ekki úr hverju féð drapst, en séra Friðrik Eggerz fullyrðir að það hafi verið drepið. Þeir sem skrifuðu um miltisbrand á 19. öld tala annars um ókenndan sjúkdóm. Það er ekki fyrr en 1898 að Magnús Einarsson dýralæknir giskaði á að þetta hefði verið miltisbrandur, en síðan hafa menn talið þetta vera staðreynd, seinast í *Dýralæknatali* 2004. Þetta stenst ekki af ýmsum ástæðum sem raktar verða í fyrirlestrinum.

---

## Ísland — Danmörk

12.00–14.00

## Stofa 231

Fundarstjóri: Anna Agnarsdóttir

Þó að Íslendingar hafi snúið baki við dönskum kóngi fyrir sex áratugum eru tengslin við Dani enn sterk. Þau eru hluti af sögunni, hafa skilið eftir sig spor í máli okkar og menningu og þau má skoða í sífellt nýju ljósi.

Í málstofunni verður litið á þessi tengsl frá nokkrum sjónarhornum. Fyrst fjallar Kristjana Kristinsdóttir um tímabilið þegar Ísland var svokallað stórlén í Danmörku og einkenni slíks stjórnarfars. Gunnar Karlsson veltir hins vegar fyrir sér kostum þess og göllum að vera undir danskri stjórn. Guðrún Kvaran skoðar áhrif dönsku á íslenskt mál og mismunandi viðhorf til þeirra. Loks fjallar Halldóra Jónsdóttir um orðabækur milli dönsku og íslensku.

## **Kristjana Kristinsdóttir lektor**

*Ísland sem lén í Danmörku 1541–1682. Lénsmenn og fógetar þeirra*

Ísland var stórlén í Danmörku 1541–1682, þ.e. einn maður fór með stjórn landsins. Lénsmenn héldu landið ýmist sem afgjalds-, reiknings- eða þjónustulén. Þegar landið var afgjalds- og reikningslén bar lénsmönnum að skila reikningi yfir tekjur og gjöld til rentukammers til endurskoðunar. Lénsmenn dvöldu hér oftast aðeins um alþingistímann og höfðu því umboðsmann sinn hér á landi, þ.e. fógeta. Fógetinn innheimti tekjur af landinu og kom þeim til skips og sá um rekstur konungsbúanna. Embættisbústaður lénsmanns og fógeta hans var Bessastaðir á Álftanesi. Á Bessastöðum varð til skjalasafn lénsmanns, skjalasafn Bessastaða.

## **Gunnar Karlsson prófessor**

*Dönsk stjórn á Íslandi, böll eða blessun*

Hér er spurt um gagn eða ógagn Íslendinga af sambandinu við danska konungsríkið. Varla finnast rök til að tala um kúgun Dana á Íslendingum, óstjórn varla meiri en í öðrum hlutum ríkisins, arðrán raunar af einokunarverslun, en það máttu aðrir þegnar Danakonungs þola líka. Ekki finnast rök til að ætla annað en að Íslendingar hefðu getað stjórnað sér sjálfir. Hins vegar veitti sambandið dýrmætan aðgang að hámenntun, og Kaupmannahöfn varð miðstöð íslenskra miðaldafræða sem styrktu sjálfsmynd Íslendinga. Hefðu Íslendingar þá átt að viðhalda sambandinu? Nei, því pólitísk þjóðernishyggi er tilfinning og tilfinningar eru það eina sem skiptir fólk máli.

## **Guðrún Kvaran prófessor**

*„... sem næst kunnir að verða dönskunni“. Eru áhrif dönsku á íslensku jafn ill og af er látið?*

Í fyrirlestrinum verða dönsk áhrif á Nýja testamentið í Guðbrandsbiblíu rædd og það borið saman við þýðingu Odds Gottskálkssonar. Síðan verður litið á texta Steinsbiblíu frá 1728 og áhrif dönsku þýðingarinnar frá 1647 skoðuð. Þá verður litið á þá gagnrýni sem kynningarhefti varðandi þýðinguna 1908 fékk og verður þar aðeins litið á ummæli um dönsk áhrif.

Í síðari hlutanum verður rætt um skoðanir sem koma fram í orðalistum í einni af vasabókum Björns M. Ólsens, grein Halldórs Laxness um „Illa dönsku“, stefnu Sigfúsar Blöndals í *Íslensk-danskri orðabók* og áhrif á útgáfur *Íslenskrar orðabókar* 1963, 1983 og síðast 2002.

## **Haldóra Jónsdóttir orðabókaritstjóri**

*Orðabækur á milli dönsku og íslensku*

Í erindinu er ætlunin að líta á orðabækur á milli dönsku og íslensku sl. 100 ár, þá einkum Dansk-íslenska orðabók frá 1992. Skandínavísk mál eru ekki hluti af daglegum reynsluheimi Íslendinga og við lærum dönsku fyrst og fremst í skóla og því mikilvægt að til séu góðar orðabækur á milli málanna, þar sem orðaforða nútímamálsins er að finna. Ég ætla að segja frá 20 ára reynslu minni af vinnu við Dansk-íslenska orðabók og því framhaldslífi bókarinnar sem ég hef átt þátt í; skólaútgáfu, á tölvudiski, í endurskoðaðri útgáfu og vefútgáfu.

---

### **Innflytjendur**

**Stofa 207**

#### **Málstofa Ritsins**

14.30–16.00

Fundarstjóri: Gauti Kristmannsson

*Ritið*, tímarit Hugvísindastofnunar, kemur út þrisvar á ári og er hvert hefti helgað ákveðnu þema. Gjarna hefur verið efnt til málþings sem síðan hefur orðið þema eins heftis. Að þessu sinni gengur *Ritið* til liðs við Hugvísindaping og býður upp á málstofu um innflytjendur og síðar þemahefti um sama efni. Fyrirlesarar eru úr ólíkum áttum, læknir, stjórnmálafræðingur, mannfræðingur og doktorsnemi í mannfræði.

### **Ástríður Stefánsdóttir læknir**

*Læknir á innflytjendamóttöku*

Í erindinu mun ég byggja á eigin reynslu sem læknir á innflytjendamóttöku síðstliðin tíu ár. Góð samskipti eru forsenda árangurs sjúklingnum til heilla. Við þær aðstæður sem hér er lýst reynir mikið á samskiptahæfni allra aðila og ávallt liggur í loftinu hættan á því að mannréttindi sjúklingsins séu í uppnámi. Frumskylda læknisins er að lækna og líkna sjúkum. Til að geta sinnt því markmiði þarf hann að standa vörð um siðferðileg gildi eins og traust, velferð, sjálfræði og virðingu. Ég ætla að ræða nokkur atriði sem ógna þessum hornsteinum í starfi þeirra lækna sem vinna við smitsjúkdómaskimun á innflytjendum. Ég mun fjalla um þá erfiðleika sem mæta þeim þegar þeir leitast við að standa vörð um virðingu og sjálfræði sjúklingsins. Sérstaklega er fjallað um þá erfiðleika sem koma upp í samtali læknis og sjúklings þegar brúa þarf bil á milli tveggja ólíkra menningarheima. Við slíkar aðstæður er erfitt að viðhalda og byggja upp það traust sem er nauðsynlegt til að tryggja rétta sjúkdómsgreiningu og fylgja eftir meðferð. Notkun túlka er iðulega forsenda

samskipta en getur jafnframt verið vandasöm og nefnd eru dæmi þess efnis. Farið er yfir nokkur lykilatriði sem vert er að hafa í huga til að betri árangur náist og samskipti gegnum túlk verði sem best. Að lokum verður verður varpað fram nokkrum hugleiðingum um stöðu túlksins í samtalinu.

## **Eiríkur Bergmann Einarsson dósent**

*Hvers vegna óttumst við innflytjendur?*

Haustið 2006 komu málefni innflytjenda í brennidepil íslenskra stjórn mála þegar Frjálslyndi flokkurinn lýsti yfir vilja til að hefta straum innflytjenda til landsins. Lengi vel fluttu mun færri útlendingar til Íslands heldur en til nágrennaríkjanna. Því hefur umræðan um málefni innflytjenda verið töluvert seinni á ferðinni hér á landi heldur en víðast annars staðar. En undanfarin ár hefur fjöldi innflytjenda hins vegar margfaldast og skýrir það tímasetningu umræðunnar nú. Í orðræðunni sem fylgdi í kjölfar útspils Frjálslynda flokksins mátti greina ótta við að innflytjendur væru á einhvern hátt ógn við íslenska þjóð.

Í gegnum orðræðu sjálfstæðisbaráttunnar varð til nokkuð sérstök hugmynd um fullveldi íslensku þjóðarinnar sem að vissu leyti er ólík þeim hugmyndum sem flestar aðrar þjóðir hafa um fullveldi sitt. Eins og Guðmundur Hálfðanarson, sagnfræðingur, hefur manna best sýnt fram á þróaðist hér á landi ekki sú frjálslynda þjóðernisstefna eins og víðast í Evrópu, heldur varð hér frekar til þjóðernissinnað íhald. Á Íslandi náðu frelsishugmyndir frjálslyndisstefnunnar ekki til einstaklinganna heldur einungis til þjóðarinnar, sem nánast líkamlegrar heildar. Ísland hefur lengi verið eins konar táknmynd þjóðríkisins. Íslendingar búa á lítilli eyju langt úti í hafi. Lengst af hefur hér búið nokkuð einsleit þjóð, fólk af sama uppruna sem deildi með sér sögu, menningu og trú. Og allir töluðu sama tungumálið.

Í hugum Íslendinga er því til einhvers konar heildirænn og lífrænn þjóðarlíkami sem mikilvægt er að vernda. Aukinn straumur innflytjenda til landsins ógnar af þessum sökum hugmyndinni um hina hreinu einsleitu þjóð. Fjölgun innflytjenda hefur þá í för með sér hættu á að þjóðarlíkaminn óhreinist með einhverjum hætti og verði jafnvel framandi sjúkdómum að bráð.

## **Unnur Dís Skaptadóttir dósent og**

### **Anna Wojtynska doktorsnemi**

*Líf á tveimur stöðum*

Nýlegar áherslur í rannsóknum um fólksflutninga sem beina sjónum að tengslum sem ná þvert á mörk þjóðríkja og menningarhópa sýna að margir einstaklingar tengjast fleiri en einu þjóðríki, á mismikinn og ólíkan hátt. Fólk

flytur ekki einungis til að byrja nýtt líf annars staðar heldur allt eins til að leita nýrra tækifæra sem gera því kleift að bæta líf sitt og ættingja sinna heima fyrir (Olwig og Sørensen 2002; Basch ofl 1994; Glick Schiller og Fouron 1999; Wimmer og Glick Schiller 2002). Í fyrirlestri okkar munum við fjalla um niðurstöður rannsókna okkar meðal innflytjenda á Íslandi. Þær sýna að þátttakendur í rannsóknum okkar eru oft á tíðum þátttakendur í tveimur samfélögum, bæði í landinu sem þeir komu frá og á Íslandi og að tengsl þeirra við þessi tvö lönd eru af ólíkum toga. Margir stefna á að snúa heim fljótlega eða í óskilgreindri framtíð og flestir senda peninga til barna sinna, foreldra eða annarra ættingja í heimalandinu. Þó svo að fólk hafi áhuga á að halda tengslum við vini og ættingja í heimalandi hafa margir einnig áhuga á að taka þátt í íslensku samfélagi og verða þannig samtímis þátttakendur í lífi sem er lifað á tveimur stöðum. Í fyrirlestrinum munum við fjalla um í hverju þessi samskipti felast og hvernig viðmælendur tala um það að tilheyra stöðum eða tengjast þeim á ólíkan hátt.

---

### ***Kvennabarátta á krossgötum***

***Stofa 218***

14.30–16.00

Fundarstjóri: Erla Hulda Halldórsdóttir

Í málstofunni verður fjallað um íslenskar kvennahreyfingar á miklum breytingatímum. Árið 1907 markaði skil en það ár var Kvenréttindafélag Íslands stofnað og þar með fór barátta kvenna að beinast æ meir að kosningaréttinum í tengslum við alþjóðlega straua. KRFÍ var aðili að Alþjóða kosningaréttarsambandi kvenna. Á sama tíma var unnið hörðum höndum að baráttu fyrir áfengisbanni á Íslandi sem var samþykkt árið 1908. Konur voru mjög virkar í bindindishreyfingunni og stofnuðu sín eigin bindindisfélög eins og Hvíta bandið en þær höfðu ekki enn kosningarétt. Eftir að hann fékkst 1915 urðu enn ein tímamótin. Hvernig átti að nýta kosningaréttinn? Stofnun Bandalags kvenna var til marks um nýja tíma. Það varð einnig aðili að alþjóðlegri hreyfingu kvenna. Ný kynslóð baráttukvenna var að taka við og ný málefni komust á dagskrá.

### ***Auður Styrkársoóttir forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands***

*Til móts við nýja tíma. Árið 1907*

Árið 1907 var viðburðaríkt í lífi kvenna á Íslandi; Hið íslenska kvenréttindafélag var stofnað í byrjun árs og um haustið samþykkti Alþingi að giftar konur í Reykjavík og Hafnarfirði skyldu hinn 1. janúar öðlast kosningarétt í bæjarstjórnarkosningum. Um vorið útskrifaðist ung stúlka,

Júlíana Sveinsdóttir, frá Kvinnaskóla Íslands og um sumarið réð hún sig sem framreiðslustúlka í vaska sveit Pagh veitingamanns, hvers hlutverk var að sjá konungi og fylgdarliði fyrir veitingum meðan á heimsókn þeirra stóð sunnanlands. Hér verður leitast við að varpa ljósi á möguleika ungra stúlkna árið 1907, annars vegar á Íslandi og hins vegar í Danmörku.

### **Svanur Kristjánsson prófessor**

*Leið Íslands til lýðræðis: Kvinnabaráttan og bindindishreyfingin*

Hér verður fjallað um lýðræðisumræðu og lýðræðisþróun á Íslandi um og eftir aldamótin 1900 með sérstakri áherslu á að greina hlut kvinnabaráttu og Góðtemplarareglunnar. Hefðbundin söguskoðun hefur verið sú að með heimastjórn hafi Íslendingar valið leið fulltrúalýðræðis og þingstjórnar. Hér verður sýnt fram á að í landinu fór fram mjög líflæg umræða um lýðræði sem konur tóku fullan þátt í. Upp úr 1915 naut kvinnabaráttan hins vegar ekki lengur stuðnings karlmannna í áhrifastöðum og áhrif frjálsra félagasamtaka fóru minnkandi, þar á meðal áhrif kvenfélaga og bindindishreyfingarinnar. Í erindinu verða þessi umskipti stuttlega útskýrð.

### **Kristín Ástgeirsdóttir forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum**

*„Samverkamenn og systur“. Bandalag kvenna 1917-1932*

Árið 1917 urðu tímamót í sögu kvinnabaráttunnar á Íslandi. Bandalag kvenna var stofnað í Reykjavík og útgáfa hófst á tveimur kvinnablöðum, *Hlín* og *19. júní*. Bandalag kvenna tók frumkvæði í baráttumálum kvenna og næstu 10 árin var það mjög virkt undir forystu kvenna sem ekki hafði borið mikið á áður. Bandalag kvenna gerðist aðili að International Council of Women og sendi fulltrúa á alþjóðþing samtakanna. Þar með átti Bandalagið þátt í að koma hugmyndum og fréttum af baráttu kvenna í öðrum löndum á framfæri á Íslandi. Í fyrirlestrinum verður fjallað um starf Bandalags kvenna og forystukonur þess í ljósi stöðu íslenskrar kvinnahreyfingar á tímabilinu 1915-1930.

---

### **Bókagerð á Helgafellssklausri á fjórtánu öld Stofa 222**

14.30–16.30

Fundarstjóri: Svanhildur Óskarsdóttir

Fjórtánda öldin hefur stundum verið nefnd gullöld íslenskrar bókagerðar en þá var efnað til margra stærstu og glæsilegustu skinnbóka íslenskra er varðveist

hafa. Meðal þessara bóka eru Skarðsbók Jónsbókar (AM 350 fol.) og Skarðsbók postulasagna (SÁM 1 fol.), sem kenndar eru við Skarð á Skarðsströnd, en rithendur þeirra sem þessar bækur skrifuðu er að finna á fjölda annarra handrita og handritabrot með margvíslegu efni. Bækur þessar bera því vitni mikilli bókagerð og verður að teljast líklegt að þar hafi atvinnumenn haldið um penna og jafnvel skrifað bækur til útflutnings. Um ritunarstaðinn verður ekkert fullyrt en böndin berast þó að klaustrinu að Helgafelli og bækurnar gjarna nefndar Helgafellsbækur.

Í þessari málstofu verður fjallað um Helgafellsbækur frá ýmsum hliðum. Ræddar verða þær vísbendingar sem fundist hafa um ritunarstað og um ritbeiðanda eða ritbeiðendur. Þá verður gefið yfirlit um þau skriftareinkenni sem tengja þessi handrit og handritabrot og um málfarsmun á handritunum innbyrðis og í samanburði við önnur handrit sem talin eru rituð um miðbik fjórtándu aldar.

## **Ólafur Halldórsson handritafræðingur**

*Helgafellsbækur fornar*

Ég mun í erindi mínu fjalla um forsendur fyrir þeirri ályktun að allmargar skinnbækur frá síðari hluta fjórtándu aldar sem enn eru varðveittar, sumar að mestu heilar, af sumum einungis brot, hafi verið skrifaðar í klaustrinu að Helgafelli.

## **Sverrir Tómasson rannsóknarprófessor**

*Skrifað fyrir Skarðverja*

Í fyrirlestinum verður þess freistað að skýra hvers vegna verkkaupar létu bræður á Helgafelli skrifa fyrir sig bækur. Um leið mun verða reynt að sýna hvernig munkarnir á Helgafelli reyndu eftir fremsta megni að halda að höfðingjunum á Skarði og annars staðar ákveðnum trúarboðskap sem nú um stundir kalla mætti innrætingu.

## **Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknardósent**

*Skriftin á Helgafellsbókum*

Í þessum fyrirlestri mun ég gera grein fyrir skriftinni á nokkrum handritum sem talin hafa verið skrifuð í Helgafellsklaustri um og eftir miðja fjórtándu öld með nokkrum samanburði við önnur handrit sem talin eru skrifuð um miðja fjórtándu öld. Fyrst og fremst verður fjallað um þá tvo skrifara sem skrifað hafa mest af Helgafellsbókum. Gerð verður grein fyrir skriftartegund, stafagerð og muninum á skrift fyrrnefndra tveggja skrifara og hugsanlegum breytingum á skrift þeirra.

## Haraldur Bernharðsson málfræðingur

*Helgafellsbækur og málbreytingar á fjórtánda öld*

Fjallað verður um málfar á Helgafellsbókum með nokkrum samanburði við önnur handrit sem talin eru rituð um miðbik fjórtánda aldar. Einkum verður fjallað um þá tvo skrifara sem stærstan hlut eiga í ritun Helgafellsbóka en nokkur munur er á málfari þeirra tveggja. Sá munur gæti stafað af miseldri skrifaranna (þótt þeir hafi verið samtíðarmenn) en ef til vill einnig af því að þeir hafi alist upp hvor í sínum landshluta. Sumir þættir málsins eru breytilegir eftir handritum eða textum með hendi sama skrifara og verður sá málarsmunur oftast rakinn til forrita. Þá verður mál Helgafellsbóka borið saman við mál Möðruvallabókar, AM 132 fol., sem rituð er um svipað leyti, líkast til á Norðurlandi, og ræddur sá málarsmunur sem þar birtist. Er hugsanlegt að þar komi í ljós munur á máli á Vesturlandi og Norðurlandi um miðbik fjórtánda aldar?

### **Blekkning**

#### **framhald**

13.00–14.00

14.30–16.00

*Sjá frammar.*

### **Stofa 225**

Fundarstjóri: Ásdís Egilsdóttir

### **Arfur Tómasar postula**

14.30–15.30

### **Stofa 229**

Fundarstjóri: Hreinn Sk. Hákonarson

Í þessari málstofu verða kynntar niðurstöður rannsóknarverkefnis sem ber heitið: Frá Sýrlandi til Íslands – Arfur Tómasar postula. Það hefur hlotið styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands á undanförunum misserum.

### **Þórður Ingi Guðjónsson doktorsnemi**

*Frá Sýrlandi til Íslands: Frá Tómasarsögu til Tómas sögu postula*

Tómasarsaga (Acta Thomae) var samin snemma á 3. öld, að öllum líkindum í Austur-Sýrlandi. Sú Tómas saga postula sem varðveist hefur í íslenskum miðaldahandritum er afsprengi þessarar ævaformu sögugerðar. Það er í ýmsum



skilningi óralangur vegur frá frumtextum Tómasarsögu á grísku og sýrlensku til norræna texta sögunnar. Sú mikla leið verður ekki rakin nema í grófum dráttum. Latneskar gerðir Tómasarsögu eru tvær: Passio sancti Thomae apostoli og De miraculis beati Thomae apostoli. Norrænir menn þýddu sögu Tómasar eftir þeirri fyrrnefndu. Í erindinu verður þessi textaþróun rædd.

Hin íslenska Tómas saga postula hefur varðveist í tveimur gerðum (önnur er raunar óheil) og verður í seinni hluta erindisins fjallað um þær.

## **Jón Ma. Ásgeirsson prófessor**

### *Tómasarkristni í hugmyndafræðilegu og sögulegu ljósi*

Í erindinu verður fjallað um hugmyndir um samfélög í samhengi fornra kristinna texta. Rætt verður um vandamál sem tengjast því að nota rit og texta sem glugga að samfélögum sem hugsanlega notuðu og útvíkuðu hefðir kenndar við tiltekna/r persónu/r. Gerð verður grein fyrir hugmyndum um samsetningarferli trúarlegra texta (þ.e. mýtur) í samanburði við annars konar bókmenntir eða sögulegt ferli sem lýkur með því að textar hljóta nokkurs konar friðhelgi og verða framvegis túlkaðir í máli og ritum sem heyra til eiginlegrar viðtökusögu textanna. Jafnframt verður rætt um samband þriggja rita sem tileinkuð eru Tómasi postula frá fyrstu og fram á þriðju öld á hugmyndafræðilegum grundvelli í ljósi rit- eða textatengsla þeirra á milli. Til skýringar verða rakin nokkur dæmi en sérstaklega staldrað við hugmyndir Tómasarrita eða Tómasarkristni um hið nýja samfélag eða fjölskyldu sem lærisveinar Jesú mynda og hvernig þær hugmyndir taka breytingum frá Tómasarguðspjalli til Tómasarsögu í gegnum Tómasarkver.

Loks verður í ljósi þessara liða leitast við að meta hvort samband umræddra rita liggur í eiginlegu sögulegu samfélagi eða fyrst og fremst í sameiginlegri hugmyndafræði á grundvelli textatengsla.

---

## **Ísland – Danmörk**

14.30–16.30

## **Stofa 231**

Fundarstjóri: Halldóra Jónsdóttir

Í málstofunni fjalla fjórir fræðimenn í dönsku við Háskólann um menningartengsl Íslands og Danmerkur fyrr og síðar. Dvalið er við íslensk áhrif á danskar bókmenntir og þáttöku Íslendinga í dönsku viðskiptalífi, einkum blaðaútgáfu. Einnig er litið á viðhorf Dana til Íslendinga, jafnt þeirra sem heimsóttu Ísland fyrr á tíð og á samfélagsumræðu seinni ára sem viðskipti og fjárfestingar Íslendinga hafa sett mark sitt á.

## **Annette Lassen lektor**

*Norrøne highlights og hemmeligheder i dansk litteratur og kultur /  
Norrænar hápunktar og leyndarmál í dönskum bókmenntum og  
menningu*

Í fyrirlestrinum verður fjallað um nokkrar hliðar á því hvernig síðari tíma Danir hafa notað sagna- og kvæðahefð Íslendinga frá miðöldum. Annette sýnir t.d. hvernig nýleg endurgerð á latneskum kvæðum úr Danasögu Saksa málsþaka eftir Helle Stangerup og Þórhildi Danadrottningu hefur fengið á sig blæ af eddukvæðum. Hún tekur fleiri dæmi úr bókmenntasögu Dana, ræðir t.d. stuttlega leikrit sem H. C. Andersen skrifaði í æsku, þar sem þjóðskáldið hefur notfært sér fornnorrænar heimildir, og ítarlegar endurvinnslu íslenskra goðsagna á undanförunum árum í Konunglega leikhúsinu, danska sjónvarpinu og prentuðum bókum. Spurt verður sérstaklega hvort þessi endurreisn hins fornnorræna arfs sé sprottin af erfiðri sjálfsmynd Dana um þessar mundir.

Fyrirlesturinn verður fluttur á dönsku.

## **Auður Hauksdóttir dósent**

*Viðhorf Dana til Íslands og Íslendinga. Goðsagnir og veruleiki*

Mikið hefur verið rætt og ritað um Íslendinga í Danmörku og kynni þeirra af landi og lýð en minna hefur verið fjallað um viðhorf Dana til Íslands og Íslendinga. Umfjöllun danskra fjölmiðla um Íslendinga að undanförunu sýnir með ótvíræðum hætti að rík ástæða er til þess fyrir Íslendinga að reyna að átta sig á því hvaða hugmyndir liggja til grundvallar viðteknum skoðunum Dana á Íslandi og Íslendingum. Í fyrirlestrinum verður annars vegar leitast við að draga saman þau viðhorf sem kalla má viðtekin meðal Dana og skýra hvernig þau eru til komin. Hins vegar verða tekin dæmi úr skrifum Dana sem kynntust landi og þjóð af eigin raun, einkum endurminningum frú Gytha Thorlacius og ævisögu Thors Jensens. Rætt verður hvernig lýsingar þeirra ríma við þær myndir sem oft eru dregnar upp af Íslandi og Íslendingum jafnvel í fjölmiðlum samtímans.

Fyrirlesturinn verður fluttur á íslensku.

## **Katinka Paludan aðjunkt**

*Nyhedsavisen og aviskrigen*

I foråret 2006 bebudede den islandske egede gratisavis *Nyhedsavisen* sit indtog på det danske avismarked. Det blev starten på den såkaldte aviskrig. De to største danske bladhuse lavede nemlig lynhurtigt også hver deres gratisavis, som skulle tage kampen op med *Nyhedsavisen*. Dette foredrag gør en foreløbig status for aviskrigen: Hvem fører og hvorfor?

## **Jacob Thøgersen lektor**

### *Danskernes forestillinger om Island: En spørgeskemaundersøgelse*

Visse islandske erhvervsfolk (og det islandske erhvervsliv i almindelighed) har i den senere tid i visse danske medier fået en del kritisk omtale. I foredraget vil jeg undersøge om denne negative omtale har smittet af på opfattelsen af Island blandt "almindelige danskere". Derudover er jeg interesseret i hvor stor folks viden om Island er, og hvordan Island opfattes som *brand* af dem. Jeg ønsker således at undersøge spørgsmål som:

1. Har danskere et negativt billede af islandske erhvervsfolk og af islandsk økonomi?
2. Påvirker et evt. negativt billede det generelle billede af Island i negativ retning?
3. Hvad ved danskere faktisk om Islands størrelse, befolkningsstørrelse og historiske tilknytning til Danmark?
4. Hvad tror man man ved om Island? / Hvad er de stereotype billeder af Island?
5. Hvilke og hvor mange islændinge kender man til?

Som informanter bruger jeg humanistiske universitetsstuderende ud fra en hypotese om at de, såvel som journalister og andre storproducenter af tekst, er vigtige aktører i reproduktionen af stereotype opfattelser – her altså stereotype opfattelser af Island.

## Þökkum stuðninginn



Danska sendiráðið

